



HÉRAÐSDÓMUR  
REYKJAVÍKUR

D Ó M U R

16. júlí 2020

Mál nr. E-4860/2019:  
Stefnandi: Þórarinn Kristjánsson  
*(Arnar Þór Stefánsson lögmaður)*

Stefndi: Íslensk verðbréf ehf.  
*(Gunnar Sturluson lögmaður)*

Dómari: Ingiríður Lúðvíksdóttir héraðsdómari

# D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur, fimmtudaginn 16. júlí 2020, í máli nr. E-4860/2019:

**Þórarinn Kristjánsson**

*(Arnar Þór Stefánsson lögmaður)*

**gegn**

**Íslenskum verðbréfum ehf.**

*(Gunnar Sturluson lögmaður)*

Þetta mál, sem var tekið til dóms 4. júní 2020, höfðar Þórarinn Kristjánsson, kt. 100674-5729, Kaplaskjólsvégi 51, Reykjavík, með stefnu birtri 17. september 2019 á hendur Viðskiptahúsinu fyrirtækjaráðgjöf ehf., kt. 441213-1580, Hafnarstræti 97, Akureyri. Íslensk verðbréf ehf., kt. 610587-1519, Hvannavöllum 14, Akureyri, hafa tekið við aðild málsins til varnar.

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum 10.706.677 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. október 2018 til greiðsludags.

Stefnandi krefst enn fremur málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans.

Til vara krefst stefndi þess að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og málskostnaður látinn falla niður.

## **Málsatvik**

Það er ágreiningsefni þessa máls hvort munnlegur samningur um hlutdeild í þóknun hafi komist á milli stefnanda og félagsins Viðskiptahússins fyrirtækjaráðgjafar ehf. Það félag var dótturfélag Viðskiptahússins ehf. sem átti fleiri dótturfélög. Viðskiptahúsið rann saman við félagið Íslensk verðbréf ehf. eftir að málið var höfðað og tók hið síðarnefnda við aðild að málinu til varnar. Í þessu máli verður vísað til Viðskiptahússins fyrirtækjaráðgjafar ehf. sem stefnda.

Allnokkur ágreiningur er um málsatvik, þ.e.a.s. hvort samið hafi verið við stefnanda, um hvað var samið, svo og hvort hann lagði nokkra vinnu af mörkum við málið. Grein verður gerð fyrir málsatvikum sem kunna að varða það samningssamband í samræmi við það sem lesa má úr fram lögðum gögnum að því viðbættu sem kom fram hjá málsaðilum og vitnum við aðalmeðferð málsins.

Meðal gagna málsins er dómur í máli nr. E-[...]/2016: Viðskiptahúsið fyrir-tækjaráðgjöf ehf. gegn JÓ. Samkvæmt dóminum leitaði JÓ til stefnda 9. október 2015 og gerði samning við félagið um ráðgjöf varðandi kaup á hlutafé í M-félagi.

Á þessum tíma var Ólafur Steinarsson fyrirvarmaður stefnda en Jóhann M. Ólafsson fyrirvarmaður móðurfélagsins Viðskiptahússins.

Samkvæmt samningnum bar JÓ að greiða stefnda fyrir ráðgjöfina og þjónustuna 7,5% þóknun af heildarsöluverðmæti (enterprise value) hlutafjár M-félags.

Premur dögum síðar, 12. október 2015, var ritað undir kaupsamning þar sem JÓ keypti 80% hlutafjár í MÍ ehf. og allt hlutafé í MC Ltd. fyrir 250.000.000 króna.

Samkvæmt dómi héraðsdóms í máli nr. E-[...]/2016 aðstoðaði fyrirvarmaður stefnda JÓ við að afla lánsfjár fyrir kaupunum og útfæra tryggingar fyrir því að sá banki sem veitti lán fyrir þeim fengi það að fullu endurgreitt.

Fyrirvarmaður stefnda ritaði stefnanda og fleirum 22. nóvember 2015 og óskaði eftir gagnrýni á einhverja útfærslu (structure) sem hann hefði unnið að í tengslum við kaup JÓ á M-félögum. Tíu dögum síðar, 2. desember, ritaði fyrirvarmaðurinn stefnda og fleirum annað skeyti út af útfærslu á fjármögnun (Financial Roadmap). Viku síðar, 7. desember 2015, sendi hann stefnanda upplýsingar frá banka-starfsmanni. Átta dögum síðar, 15. desember, sendi fyrirvarmaður stefnda, Ólafur Steinarsson, stefnanda viðauka við kaupsamning.

Með tölvuskeyti 15. desember 2015 tilkynnti fyrirvarmaður stefnda um skjöl til undirritunar.

Fyrirvarmaður stefnda tilkynnti stefnanda í tölvuskeyti 19. janúar 2016 að stefndi hefði sent JÓ reikning fyrir þóknun ásamt afriti af reikningnum. Samkvæmt honum nam höfuðstóll þóknunarinnar 18.750.000 krónum en 23.250.000 krónum með virðisaukaskatti.

Um mánuði síðar, 15. febrúar 2016, sendi fyrirvarmaður stefnda stefnanda tölvuskeyti þar sem stóð:

Þetta er Lincolninn sem Jói nefndi við þig hann var að spyrjast eitthvað fyrir um þetta á föstudaginn, þú hefur amk upplýsingarnar hérna ef þú vilt skoða að við kaupum þig út úr þessum [JÓ] deal.

Neðan við textann var slóð á heimasíðu bílasölu þar sem umrædd bifreið mun hafa verið til sölu.

JÓ greiddi ekki þóknunina. Stefndi höfðaði mál á hendur honum með stefnu birtri 16. febrúar 2016 til heimtu þóknunar samkvæmt samningi við stefnda sem JÓ ritaði undir 9. október 2015.

Sex vikum eftir höfðun málsins, 31. mars 2016, sendi fyrirvarmaður stefnda stefnanda og fyrirvarsmanni Viðskiptahússins í tölvuskeyti greinargerð JÓ í málinu um þóknunina.

JÓ var dæmdur til þess að greiða stefnda umsamda þóknun að fullu ásamt dráttarvöxtum og málskostnaði með áður nefndum dómi héraðsdóms [...] í máli nr. E- [...] /2016. Hann áfrýjaði dóminum ekki en mun ekki hafa innt greiðsluna af hendi fyrr en einu og hálfu ári síðar, 1. október 2018, að því er stefnandi telur.

Lögmaður stefnanda sendi lögmanni stefnda áskorun um greiðslu þóknunar 6. febrúar 2019 sem lögmaður stefnda hafnaði með bréfi 20. febrúar. Viku síðar, 27. febrúar 2019, sendi lögmaður stefnanda Héraðsdómi Reykjavíkur, með heimild í 2. mgr. 77. gr. laga nr. 91/1991, beiðni um vitnaleiðslur fyrir dómi af Ólafi Steinarssyni. Í því skyni að koma í veg fyrir dómsmál stóð til að spyrja hann hvort hann kannaðist við munnlegt samkomulag um þóknun. Stefndi mótmælti því að beiðnin næði fram að ganga þar eð Ólafur Steinarsson gegndi þá stöðu fyrirsvarysmanns stefnda.

Ólafur hætti störfum fyrir stefnda í lok febrúar 2019. Vitnamálið var tekið fyrir á dómþingi 8. mars og fékk stefndi frest til 15. mars til þess að leggja fram greinargerð. Hún var lögð fram þann dag og á því byggt að Ólafur Steinarsson væri fyrirsvarysmaður og eini stjórnarmaður Viðskiptahússins fyrirtækjaráðgjafar ehf. Málinu var frestað til 29. mars en á dómþingi þann dag var vitnamálið fellt niður.

Eftir þetta fann stefnandi í fórum sínum tölvuskeyti sem tengdust málinu. Af því tilefni sendi lögmaður hans lögmanni stefnda, 20. ágúst 2019, aftur kröfu um greiðslu þóknunar sem sá síðarnefndi hafnaði 10. september eins og fyrra kröfubréfinu. Málið var höfðað með birtingu stefnu 17. september 2019.

Stefnandi bar fyrir dómi að kunningi hans, JÓ, hefði rætt það við sig að hann hefði áhuga á að kaupa fyrirtækin MÍ ehf. og MC Ltd. Stefnandi hefði haft góð kynni af eigendum og starfsmönnum Viðskiptahússins og hefði stungið upp á því að hann kynnti þeim þá hugmynd að koma á samningum á milli JÓ og eiganda M-félaganna. Í október 2015 hafi hann farið á fund með eiganda stefnda, Jóhanni M. Ólafssyni, og kynnt honum þetta viðskiptatækifæri. Þeir hafi samið svo um að stefndi tæki að sér aðstoð við fyrirtækjakaupin en stefnandi myndi liðsinna við verkefnið.

Stefnandi bar einnig að á fundi með Jóhanni hefði verið samið um það að stefnandi fengi hlutfall af söluvirði fyrirtækjanna sem þóknun fyrir að færa Viðskiptahúsinu viðskiptin (finders fee) og fyrir að aðstoða við það að af kaupunum yrði.

Eigandi Viðskiptahússins hafi sagt þóknun sína fyrir aðstoð sem þessa vera 5% af söluvirði fyrirtækjanna. Stefnandi hafi lagt til við hann að þóknun stefnanda yrði 2,5% og heildarþóknun fyrir aðstoðina yrði þess vegna 7,5%, auk virðisaukaskatts.

Að sögn stefnanda vildi hann gera skriflegt samkomulag um þóknunina en það hafi fyrirsvarysmaður Viðskiptahússins ehf. talið óþarft því orð hans stæðu. Þeir hafi því handsalað samninginn. Að sögn stefnanda fóru hann og fyrirsvarysmaður Viðskiptahússins ehf. og ræddu við Ólaf Steinarsson, framkvæmdastjóra Viðskiptahússins

fyrirtækjaráðgjafar ehf. Jóhann hafi falið Ólafi að vinna verkefnið. Ólafur og stefnandi hafi síðan hafist handa við að koma kaupunum í kring. Stefnandi hafi oft rætt við Ólaf í síma og jafnframt komið á starfsstöð fyrirtækjaráðgjafarinnar. Hann kvaðst hafa verið viðstaddur þegar var ritað undir kaupsamning við seljanda M-félaganna.

Hann bar einnig að fyrirtækjaráðgjöfin hefði sent JÓ reikning fyrir þóknuninni. Þar eð JÓ hefði ekki greitt hefði honum verið stefnt til greiðslu hennar. Stefnandi kvaðst hafa verið reglulega í sambandi við Ólaf Steinarsson til þess að grennslast fyrir um lyktir dómsmálsins. Þegar hann hefði frétt að JÓ hefði verið dæmdur til þess að greiða stefnda umsamda þóknun hefði hann farið til fundar við Jóhann M. Ólafsson og Ólaf Steinarsson vegna hlutdeildar sinnar í þóknuninni. Þá hefði Jóhann tilkynnt honum að hann fengi ekki neina þóknun. Stefnandi hefði undrast þessi svör. Honum hefði verið gefin sú skýring að hann hefði ekki viljað bera vitni í máli stefnda gegn JÓ til innheimtu þóknunarinnar.

Stefnandi bar að það væri ekki rétt. Lögmaður stefnda hefði hringt í hann til þess að ræða atriði varðandi dómsmálið og hefði svo sagt að ef þess þyrfti með yrði hann beðinn að gefa skýrslu fyrir dómi. Lögmaðurinn hafi hins vegar aldrei leitað til hans.

Stefnandi hefði talið að óvenju illa hefði staðið á þennan tiltekna dag sem hann fundaði með Jóhanni um þóknunina. Af þeim sökum hafi hann haft samband við Ólaf og beðið hann að hvetja Jóhann til þess að standa við orð sín. Þegar það hafi ekki borið árangur hafi hann leitað til lögmanns.

Fyrirsvarsmaður Viðskiptahússins ehf., Jóhann M. Ólafsson, bar að stefnandi hefði komið með JÓ á starfstöð fyrirtækisins. Hann minnst þess ekki að stefnandi hefði tekið þátt í neinum fundum með JÓ. Stefnandi hefði ætíð beðið frammi í eldhúsi á meðan.

Að hans sögn gerði hann ekki neinn samning við stefnanda um þóknun fyrir að færa Viðskiptahúsinu ehf. viðskipti. Auk þess hafi stefnandi ekkert unnið að málinu heldur hafi það alfarið verið í höndum Ólafs Steinarssonar fyrirsvarsmanns stefnda. Hann kvaðst hins vegar hafa heyrt að stefnandi hefði samið við JÓ um þóknun fyrir að liðsinna honum við kaupin. Ástæðu þess að samið hafi verið um að stefndi fengi 7,5% þóknun fyrir að liðsinna JÓ kvað hann þá að hann hefði ekki treyst mannum.

Fyrirsvarsmaður Viðskiptahússins ehf. kvaðst ekki kannast við tölvuskeyti sem fyrirsvarsmaður stefnda sendi stefnanda 15. febrúar 2016 og varðaði það að stefnandi yrði keyptur út úr [JÓ] „deal“. Skýringuna á skeytinu taldi hann þá að fyrirsvarsmaður stefnda hefði haft samúð með stefnanda af því að JÓ hefði ekki staðið við að greiða stefnanda þóknun fyrir það að vinna að málinu fyrir hann.

Ólafur Steinarsson var fyrirvarsmaður stefnda, Viðskiptahússins fyrirtækjaraðgjafar ehf., á þeim tíma sem atvik þessa máls urðu og allt fram til loka febrúar 2019. Hann bar að bæði stefnandi og fyrirvarsmaður Viðskiptahússins ehf. hefðu sagt sér að þeir hefðu samið um skiptingu á þeirri þóknun sem JÓ greiddi stefnda fyrir ráðgjöfina (samið um profit sharing).

Hann bar að stefnandi hefði komið með JÓ í Viðskiptahúsið. Hann kvaðst ekki hafa verið á fundi stefnanda og fyrirvarsmanns Viðskiptahússins. Jóhann hafi eingöngu lagt fyrir hann að gera samning um 7,5% þóknun við JÓ. Skýringar á þeim hundraðshluta hafi ekki fylgt með fyrirmælunum. Mikið hafi legið á og hafi hann útbúið samninginn með hraði.

Vitnið bar jafnframt að stefnandi hefði unnið mikið að málinu fyrir hönd JÓ, sem hefði oft verið í útlöndum. Vitnið og stefnandi hefðu verið í miklum samskiptum og hefðu báðir lagt sig fram um að láta viðskiptin ganga í gegn. Meðal annars hefði stefnandi komið reglulega á starfsstöð stefnda á meðan á samningaferlinu stóð.

Vitnið bar enn fremur að stefnandi hefði haft samband eftir að dómur í innheimtumáli stefnda gegn JÓ hefði verið kveðinn upp og viljað fá sinn hlut í þóknuninni. Vitnið hafi vísað honum á Jóhann. Vitnið rámaði í að hafa verið á einum fundi með stefnanda og Jóhanni og hefði fundurinn fengið snubbóttan endi því Jóhann hefði ekki viljað greiða stefnanda hlutdeild í þóknuninni. Hann kvaðst hafa hvatt stefnanda og Jóhann til þess að reyna að ná samkomulagi um þóknunina.

Vitnið kannaðist við tölvuskeyti sem hann sendi stefnanda 15. febrúar 2016. Hann kvaðst hafa átt bílinn. Í samtali hans og Jóhanns hafi það komið til tals að bjóða stefnanda hann í tengslum við þetta mál. Bíllinn hafi verið á bílasölu og virði hans á þessum tíma líkast til um ein milljón króna.

Vitnið taldi sig einnig vita að JÓ hefði ætlað að greiða stefnanda eitthvað fyrir þá vinnu sem hann hefði innt af hendi fyrir JÓ og taldi að sú þóknun hefði tengst bíl eða afnotum af bíl.

Að sögn vitnisins hætti hann störfum fyrir stefnda í lok febrúar 2019 en hann hefði minnkað við sig vinnu áður en kom að því. Sérstaklega að því spurður kvaðst hann ekki hafa hætt vegna ósamlyndis við eiganda Viðskiptahússins ehf.

Vitnið Vala Hauksdóttir vann hjá Viðskiptahúsinu á þeim tíma sem hér skiptir máli. Hún var þá framkvæmdastjóri dótturfélaga Viðskiptahússins annarra en fyrirtækjaraðgjafarinnar. Hún starfar nú hjá ÍV sjóðum sem er dótturfélag Íslenskra verðbréfa, sem hafa tekið við aðild að málinu til varnar. Vitnið bar að hún hefði vitað af því hefði Jóhann M. Ólafsson gert samning við stefnanda um þóknun. Í fyrsta lagi vegna þess að hún hefði yfirfarið alla skriflega samninga og í öðru lagi hefði hún unnið í sama rými og vitnið Ólafur Steinarsson. Þar fyrir utan hefði samsteypan verið

lítill og því hefði henni, nánast örugglega, verið kunnugt um munnlegan samning hefði hann verið gerður. Ef það hefði verið Jóhann sem samdi við Þórarinn hefði hann gengið skriflega frá samningnum.

### **Málsástæður og lagarök stefnanda**

Krafa stefnanda byggist á því að munnlegt samkomulag hafi komist á milli málsaðila þess efnis að stefnandi ætti rétt til þriðjungs þeirrar þóknunar sem heimt yrði frá JÓ vegna aðstoðar við kaup á félögunum MÍ ehf. og MC Ltd. Frelsi sé um form samninga hér á landi og séu munnlegir samningar jafngildir skriflegum. Samninga skuli halda. Stefnandi telji jafnframt að gögn málsins, sem og framburður aðila og vitna fyrir dómi, sanni að samkomulag hafi komist á.

Stefnandi haldi því fram að þóknun sem falla skyldi til stefnda hafi einungis átt að nema 5% af söluverði hins selda auk virðisaukaskatts. Gjaldskrá stefnda beri það með sér en þar segi:

Fyrir sölu félaga og atvinnufyrirtækja er þóknun 5% af heildarsölu, þ.m.t. birgðir en þó aldrei lægri en kr. 750.000 auk útlagðs kostnaðar.

Þessi þóknun sé að auki í samræmi við það sem stefndi hafi sagst taka fyrir aðstoðina á fundi með stefnanda í október 2015. Stefnandi telji það ekki standast að samkvæmt gjaldskrá stefnda nemi heildarþóknun stefnda 5% af heildarsölu félaga en engu að síður telji stefndi sig eiga rétt á 7,5% þóknun fyrir þetta tiltekna verk, þ.e. 50% hærri þóknun en sé gefin upp í gjaldskrá. Það sé augljóst að skýringin á því að áskilin heildarþóknun hafi verið 7,5% sé sú að stefnandi hafi átt að fá 2,5%. Það hafi ótvírætt verið stefnandi sem leiddi JÓ og stefnda saman ásamt því að vinna með þeim að verkefninu. Því geti ekki staðist að stefnandi hafi ekki átt að fá hluta af þóknuninni.

Tölvuskeyti þar sem stefnandi sé ýmist viðtakandi eða hafi fengið afrit af (cc) á netfangið [tk@ifnorth.com](mailto:tk@ifnorth.com) sýni að hann hafi verið viðloðandi og aðstoðað við verkið. Í tölvuskeyti, dags. 22. nóvember 2015, sé hann til að mynda beðinn um að lesa yfir og gagnrýna „structure“ sem Ólafur Steinarsson hafði sett upp. Jafnframt hafi stefnandi reglulega verið upplýstur um gang mála og ævinlega hafður með í ráðum, eins og sjá megi meðal annars í tölvuskeytum sendum 9. og 15. desember 2015. Að verki loknu hafi Ólafur Steinarsson sent stefnanda svohljóðandi skeyti 19. janúar 2016: Þetta er farið í heimabankann hjá félaganum [JÓ], Jóhann heyrði í honum eitthvað í dag vegna annarra viðskipta og mér skilst að hann ætli að koma eftir helgina til okkar kv. ÓS.

Í framhaldi af því hafi Ólafur sent stefnanda annað skeyti 15. febrúar 2016, þar sem hann segi orðrétt: Þetta er Lincolninn sem Jói [Jóhann M. Ólafsson] nefndi við þig hann var að spyrjast eitthvað fyrir um þetta á föstudaginn, þú hefur amk upplýsingarnar hérna ef þú vilt skoða að við kaupum þig út úr þessum [JÓ] deal. Fyrir neðan textann sé

slóð á heimasíðu bílasölu þar sem sjá hafi mátt bíl af Lincoln-gerð. Stefnandi telji þetta án vafa tillögu stefnda um að hlutdeild stefnanda í þóknuninni verði greidd með þessari bifreið, að hluta eða í heild. Síðastnefnt tölvuskeyti sýni enn fremur að Ólafi Steinarssyni og Jóhanni M. Ólafssyni hafi verið kunnugt um tilvist og efni samkomulags stefnanda og stefnda um hlutdeild stefnanda í þóknun fyrir verkið.

Þar eð munnlegt samkomulag hafi komist á þess efnis að stefnandi fengi þriðjungshlutdeild í þeirri þóknun sem um var samið, þ.e. 2,5% af söluverðinu en stefndi 5%, beri að taka kröfu stefnanda til greina. Heildarþóknun fyrir verkið hafi numið 23.250.000 krónum, að teknu tilliti til virðisaukaskatts. Stefnandi krefjist þriðjungs þeirrar fjárhæðar, nánar tiltekið 7.750.000 króna, að viðbættum dráttarvöxtum frá 19. janúar 2016 til 1. október 2018, það er frá því að stefndi gaf út reikning fyrir heildarþóknuninni og þar til JÓ greiddi hana með dráttarvöxtum. Dráttarvextir af hlutdeild stefnanda nemi 2.956.677 kr. að teknu tilliti til vaxtavaxta og leggist við höfuðstól kröfunnar. Höfuðstóllinn nemi því 10.706.677 kr.

Stefnandi skorar á stefnda að tilgreina nákvæmlega þá fjárhæð sem hann fékk greidda frá JÓ og hvenær hún var innt af hendi sem og leggja fram gögn þar að lútandi. Verði áskoruninni ekki sinnt leggi stefnandi til grundvallar að krafan hafi verið greidd með dráttarvöxtum 1. október 2018 og að þriðjungur hinnar greiddu fjárhæðar, þ.e. hlutdeild stefnanda, nemi 10.706.677 krónum, sbr. 2. mgr. 67. gr. og 1. mgr. 68. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Reynist sú tala hafa verið lægri er áskilinn réttur til að lækka kröfu stefnanda því til samræmis.

Stefnandi krefjist þess að stefndi greiði honum þá fjárhæð að viðbættum dráttarvöxtum frá 1. október 2018 til greiðsludags svo og málskostnaðar vegna reksturs málsins að skaðlausu.

Krafa stefnanda byggist á meginreglum samninga- og kröfuréttar, einkum um skuldbindingargildi samninga og formfrelsi. Kröfur um dráttarvexti byggjast á III. kafla laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, sérstaklega 5. og 6. gr. laganna. Varðandi málskostnaðarkröfu vísast til 1. mgr. 130. gr., sbr. 4. mgr. 129. gr., laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

## **Málsástæður og lagarök stefnda**

### Aðalkrafa

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að á honum hvíli ekki nein skylda til þess að greiða stefnanda á þeim grundvelli sem stefnandi byggir kröfu sína á, enda hafi aldrei komist á munnlegt samkomulag milli stefnanda og stefnda.

Stefnandi hafi ekki veitt stefnda neina aðstoð og hafi í raun ekki átt neinn þátt í þeirri vinnu sem var unnin fyrir JÓ. Þegar stefndi hafi höfðað mál á hendur JÓ til

innheimtu þóknunar sinnar hafi stefnandi neitað að bera vitni í málinu og stuðla þannig að greiðslu kröfunnar þrátt fyrir að telja sig nú eiga rétt til þriðjungs hennar. Því megi efast um að stefnandi hafi þá talið sig eiga rétt til þeirrar þóknunar sem hann krefst nú. Þetta bendi eindregið til þess að ekkert samkomulag hafi komist á í öndverðu.

Hið meinta samkomulag sé munnlegt. Til sönnunar á tilvist þess tefli stefnandi fram gjaldskrá stefnda og tölvuskeytum sem stefnanda hafi borist, þar á meðal um tiltekna bifreið. Að mati stefnda færi þessi gögn ekki sönnur á tilvist samkomulagsins.

#### A) Gjaldskrá stefnda

Sú fjárhæð sem stefnandi krefjist í málinu, 7.750.000 kr. auk dráttarvaxta, byggist á þeirri forsendu einni að stefndi hafi ekki getað samið við JÓ um 7,5% þóknun vegna sölunnar á MÍ ehf. og MC Ltd, þar eð í gjaldskrá stefnda komi fram að þóknun til félagsins vegna heildarsölu félaga og atvinnufyrirtækja sé 5%. Stefnandi telji þetta atriði sanna að honum hafi verið lofað muninum þar á, þ.e. 2,5% af heildarsöluverði fyrirtækjanna, sem þóknun.

Stefndi mótmæli þessari staðhæfingu sem rangri og ósannri. Í fyrsta lagi sé gjaldskrá hans aðeins leiðbeinandi um þær upphæðir og þau gjöld sem þar koma fram. Þannig segi orðrétt í upphafi hennar: Eftirfarandi gjaldskrá er leiðbeinandi um endurgjald fyrir þjónustu Viðskiptahússins og dótturfélaga og gildir nema um annað hafi verið samið, þá til hækkunar eða lækkunar eftir eðli og magni viðskiptanna.

Á grundvelli þessa ákvæðis og meginreglu samningaréttar um samningsfrelsi hafi stefnda verið fyllilega heimilt að semja um hærra endurgjald en fram kom í gjaldskránni, þvert á það sem stefnandi byggir á. Það sé óumdeilt að Viðskiptahúsið og JÓ sömdu um 7,5% þóknun til Viðskiptahússins. Þetta sýni framlagður samningur um ráðgjöf við kaup á hlutafé í MÍ ehf., milli JÓ og stefnda, dags. 9. október 2015.

Það sé eðlilegt að stefndi hafi samið um að fá greidda hærri þóknun en þá sem sé tilgreind í gjaldskránni enda hafi þetta verið umfangsmikil viðskipti. Til marks um það megi horfa til umrædds ákvæðis í gjaldskránni, þar sem komi fram að þóknun stefnda sé aldrei lægri en 750.000 kr. auk útlagðs kostnaðar. Til þess að stefnda yrði greidd þóknun að andvirði 750.000 kr. þyrfti andlag slíkrar þóknunar, miðað við hina stöðluðu prósentuþóknun ákvæðisins, að vera heildarsala á félagi eða atvinnufyrirtæki að andvirði 15.000.000 kr. ( $750.000/0.05$ ). Andvirði þeirrar sölu sem þetta mál sé sprottið af hafi hins vegar verið 250.000.000 kr. og því megi ætla að umfang viðskiptanna hafi verið töluvert í skilningi ákvæðisins. Sömuleiðis megi telja að eðli viðskiptanna hafi verið ástæða þeirrar þóknunar sem samið var um enda hafi stefnda verið falin mikil ábyrgð og víðtækar heimildir til þess að starfa í þágu JÓ, sem hafi meðal annars veitt stefnda umboð til þess að gera tilboð í hlutafé MÍ ehf., hafa umsjón með

samningaferli og leiðbeina um gagnaöflun og gerð endanlegs kaupsamnings, eins og samningurinn milli JÓ og stefnda sýni. Því fari fjarri að hin umsamda 7,5% þóknun hafi að einhverju leyti grundvallast á því að stefnandi ætti rétt til hluta hennar, heldur hafi hún byggst á eðli og umfangi vinnunnar og viðskiptanna.

Stefnandi haldi því jafnframt fram að þar eð hann hafi leitt stefnda og JÓ saman og unnið með þeim að verkefninu geti það ekki staðist að hann eigi ekki að fá hluta af þóknuninni. Eins og áður greini mótmæli stefndi því að stefnandi hafi í raun unnið að verkefninu. Auk þess sem það sé ekki sjálfstæður grundvöllur fyrir þóknun að hafa leitt saman tvo aðila. Slík þóknun yrði aðeins greidd hefði verið samið um hana, en það hafi ekki verið gert.

Af þessu megi álykta að ekkert í gjaldskrá stefnda hafi staðið í vegi fyrir því að stefndi semdi um hærri þóknun en fram kom í gjaldskránni, eins og hann hafi gert, og hafi atvik málsins raunar verið með þeim hætti að það sé eðlilegt að það hafi verið gert. Því sé marklaus sá grundvöllur sem stefnandi byggði upphæð kröfu sinnar á.

B) Stefnandi tók við tölvuskeytum eða fékk afrit af þeim

Í því skyni að sýna fram á hið meinta munnlega samkomulag staðhæfi stefnandi að hann hafi verið „viðloðandi og aðstoðaði við verkið“ með því að leggja fram tölvuskeyti sem honum hafi annaðhvort verið send eða hann fengið afrit af („cc“).

Í þessum tölvuskeytum sé hins vegar ekki nein sönnun þess að stefnandi hafi aðstoðað við verkið. Stefnandi vísi sérstaklega til tölvuskeytis 22. nóvember 2015 þar sem Ólafur Steinarsson, þáverandi starfsmaður stefnda, bað stefnanda, JÓ, svo og Jóhann Ólafsson, annan starfsmann stefnda, um að lesa yfir og gagnrýna „structure“ sem hann hafði sett upp. Í fyrsta lagi sé óljóst hvort beiðninni sé beint til stefnanda eða til annarra viðtakenda tölvuskeytisins og í öðru lagi sé ekkert sem bendi til þess að stefnandi hafi í raun orðið við beiðni Ólafs Steinarssonar. Hefði stefnandi aðstoðað hefði honum verið í lófa lagið að leggja fram tölvuskeyti sem sýndi fram á það. Það hafi hann ekki gert.

Raunar hafi stefnandi einvörðungu sent eitt tölvuskeyti af öllum framlögðu tölvuskeytum. Það skeyti hafi stefnandi sent Ólafi Steinarssyni 15. desember 2015. Í því segi: Sæll Óli, Ertu til í að senda mér kaupsamninginn. kv. Doddi. Í þessu skeyti felist hvorki staðfesting á því að stefnandi hafi aðstoðað við kaupsamninginn né við annað.

Þótt stefnandi hafi fengið nokkur tölvuskeyti eða afrit af þeim sanni það alls ekki að stefndi hafi gert munnlegan samning við hann. Í raun sýni framlögðu tölvuskeytin hvorki fram á neitt raunverulegt vinnuframlag né þátttöku stefnanda í vinnunni fyrir JÓ Telja megi að framlögð skeyti stefnanda séu tæmandi um þátttöku hans í vinnunni þar sem að hann hefði væntanlega lagt fram önnur tölvuskeytasamskipti

hefði hann verið þátttakandi í þeim.

### C) Lincoln-bifreið (tölvuskeyti dags. 15. febrúar 2016)

Stefnandi vísi til tölvuskeytis sem Ólafur Steinarsson sendi stefnanda 15. febrúar 2016 þar sem segi orðrétt: Þetta er Lincolninn sem Jói nefndi við þig hann var að spyrjast eitthvað fyrir um þetta á föstudaginn, þú hefur amk upplýsingarnar hérna ef þú vilt að skoða að við kaupum þig út úr þessum [JÓ] deal. Textanum fylgi tengill á heimasíðu bílasölu en þegar tenglinum sé slegið inn í vafra fáist engin niðurstaða og því sé ekki hægt að sjá hvert virði umræddrar bifreiðar var.

Stefndi hafnar því að í umræddu tölvuskeyti felist viðurkenning á tilvist þess samkomulags sem krafa stefnanda byggist á. Það feli þess þá heldur ekki í sér sönnun þess að stefnandi eigi rétt til þeirrar þóknunar sem hann krefst. Hafi komist á einhvers konar samkomulag um að keypt yrði Lincoln-bifreið fyrir stefnanda sé það ótengt þeim kröfum sem stefnandi setji fram, auk þess sem verðmæti Lincoln-bifreiðarinnar sé óþekkt.

### Varakrafa

Komist dómurinn að þeirri niðurstöðu að einhvers konar samkomulag hafi komist á krefst stefndi þess til vara að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og málskostnaður látinn falla niður.

Varakrafan grundvallist annars vegar á því að fjárhæð dómkröfu stefnanda byggist hvorki á sönnunum né staðreyndum og því sé ósannað hver sú fjárhæð er sem stefnandi ætti rétt til. Varakrafan byggist hins vegar á því að vinnuframlag stefnanda, sem slíkt samkomulag hljóti að grundvallast á, hafi svo gott sem ekkert verið og því hafi hann ekki efnt sinn hluta samkomulagsins.

Stefndi byggir kröfur sínar einkum á lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála, og meginreglum samninga- og kröfuréttar. Krafa um málskostnað er byggð á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sú krafa að virðisaukaskattur leggist ofan á málskostnað byggist á lögum nr. 50/1998 um virðisaukaskatt.

### **Niðurstaða**

Fyrirrennari Íslenskra verðbréfa ehf., sem hafa tekið við aðild málsins til varnar, var Viðskiptahúsið ehf. Það félag átti félagið Viðskiptahúsið fyrirtækjaráðgjöf ehf. Það félag samdi við mann að nafni JÓ um að veita honum ráðgjöf við kaup hlutfjár í tveimur félögum gegn greiðslu þóknunar sem nam 7,5% af kaupverði hlutfjárins. Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort komist hafi á munnlegt samkomulag milli stefnanda annars vegar og eiganda Viðskiptahússins ehf. hins vegar þess efnis að

stefnandi fengi hlutdeild í þessari þóknun, 2,5% af kaupverði hlutafjárins, fyrir að færa Viðskiptahúsinu viðskiptavin svo og að aðstoða við að af kaupum hans yrði.

Vitnið Ólafur Steinarsson bar að bæði stefnandi og Jóhann M. Ólafsson, eigandi Viðskiptahússins ehf., hefðu sagt honum að þeir hefðu samið um að stefnandi fengi hlutdeild í þóknuninni (profit sharing). Með framburði vitnisins þykir dóminum sannað að komist hafi á samningur þess efnis að stefnandi fengi hlutdeild í þeirri þóknun sem JÓ greiddi Viðskiptahúsinu fyrirtækjaráðgjöf ehf. fyrir að liðsinna honum við kaupin.

Með framburði vitnisins Ólafs þykir dóminum einnig sannað að stefnandi hafi með vinnuframlagi stuðlað að því að samningur kæmist á milli JÓ og seljenda umræddra félaga, MÍ ehf. og MC Ltd.

Því til sönnunar að samið hafi verið um að í hlut stefnanda kæmu 2,5% af heildarverðmæti hlutafjárins vísar stefnandi til þess að samkvæmt gjaldskrá stefnda taki félagið fyrir ráðgjöf við sölu/kaup/sameiningu fyrirtækja 5,0% þóknun af heildarverðmæti (enterprise value) þeirra. Í þessu tilviki hafi verið samið um 7,5%. Það sýni að þeirri þóknun sem samið hafi verið um að stefnandi fengi hafi verið bætt við þóknun stefnda í samningi Viðskiptahússins fyrirtækjaráðgjafar ehf. við JÓ.

Það er varakrafa stefnda, telji dómurinn að samningur hafi komist á, að dómurinn meti hæfilega þóknun stefnanda að álitum. Stefnandi krefst, eins og áður segir 2,5% af heildarverðmæti fyrirtækjanna og færir fram vísbendingar um að um þann hundraðshluta hafi verið samið. Stefndi hefur hins vegar hvorki fært neitt fram til stuðnings því að sá hundraðshluti sé óeðlilega hár né að annar hundraðshluti sé viðurkenndur á þessu fagsviði fyrir sambærilegt framlag (finders fee).

Þar eð stefndi hefur ekki hrakið þær líkur sem stefnandi hefur leitt að því að samið hafi verið um að hann fengi 2,5% þóknun fyrir það framlag að færa stefnda viðskiptin og leggja sitt af mörkum til þess að kaupin gengju í gegn telur dómurinn að fallast verði á það viðmið stefnanda.

Viðskiptahúsið fyrirtækjaráðgjöf sendi JÓ reikning fyrir þóknun félagsins 19. janúar 2016. Heildarfjárhæð hans að virðisaukaskatti meðtöldum er 23.250.000 kr. Þriðjungur af því nemur 7.750.000 krónum. JÓ mun hafa greitt Viðskiptahúsinu fyrirtækjaráðgjöf umsamda þóknun 1. október 2018. Stefnandi hefur reiknað á framangreinda fjárhæð dráttarvexti til þess dags. Hún nemur að viðbættum dráttarvöxtum 10.706.677 krónum og er það stefnufjárhæðin. Þessum útreikningi hefur stefndi ekki mótmælt. Af þeim sökum verður fallist á fjárkröfu stefnanda eins og hún er sett fram.

Dómurinn hefur því fallist á kröfur og málsástæður stefnanda. Eftir þeim málsúrslitum verður, með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, að dæma stefnda til

Þess að greiða stefnanda málskostnað. Við ákvörðun þóknunarinnar er tekið tillit til beiðni stefnanda til dómsins 27. febrúar 2019 um vitnaleiðslur af Ólafi Steinarssyni til þess að inna mætti hann eftir því hvað hann vissi um samning milli stefnanda og fyrirsvaramanns Viðskiptahússins. Dómurinn fær ekki séð að tilefni hafi verið til þess fyrir stefnda að mótmæla því að Ólafur gæfi skýrslu í því máli þar eð hann hafði, að eigin sögn, látið af störfum fyrir Viðskiptahúsið þegar mótmæli stefnda voru lögð fram, 15. mars 2019, og hafði því ekki stöðu aðila heldur vitnis. Þegar litið er til svara Ólafs Steinarssonar í skýrslu hans í þessu máli má ætla að komið hefði verið í veg fyrir þetta dómsmál, hefði stefndi ekki mótmælt vitnaleiðslunni. Málflutningsþóknun þykir, að teknu tilliti til virðisaukaskatts, hæfilega ákveðin 900.000 kr.

Ingiríður Lúðvíksdóttir héraðsdómari kveður upp þennan dóm.

### **D Ó M S O R Ð:**

Stefndi, Íslensk verðbréf ehf., greiði stefnanda, Þórarni Kristjánssyni, 10.706.677 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. október 2018 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 900.000 krónur í málskostnað.

Ingiríður Lúðvíksdóttir

Rétt endurrit staðfestir,  
Héraðsdómi Reykjavíkur 16. júlí 2020